

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. nóvember 2011

Efni: Umsögn - Þskj. 44, 44. mál.

Samtökum lánþega hefur borist ósk frá nefndasviði Alþingis hvar send er til umsagnar Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Erindið barst skrifstofu Samtaka lánþega þann 3. nóvember.

Samtökin fagna framkomnu frumvarpi og hvetja til að það verði samþykkt. Mun það leiða til mikillar hagræðingar fyrir lánþega og gera þeim auðveldara um vik við að endurfjármagna dýrari lán ásamt því að frumvarpið mun, verði það að lögum, auka samkeppni á lánamarkaði, lánþegum til bóta. Mikilvægt er að stuðla að sem virkasti samkeppni á milli fjármálastofnana, en stimpilgjald hefur verið hindrun á frjálsu flæði viðskiptavina milli þeirra.

Er því hvatt til þess að frumvarp það er hér er til umsagnar, verði að lögum með samþykki Alþingis.

Með vinsemd,

f.h. Samtaka lánþega



Digitally signed by Guðmundur
Andri Skúlason
DN: cn=Guðmundur Andri
Skúlason, o=Samtök lánþega,
email=gandri@lanthegar.is, c=IS
Date: 2011.11.15 15:19:18 Z

Guðmundur Andri Skúlason